

Kvikmynda- og sjónvarpsframleiðsla og tónlist

Morgunfundur Samtaka iðnaðarins
16. nóvember 2021

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj. STEFs

Dagskrá


1. Munurinn á masterrétti og höfundarrétti
2. Hvenær þarf að fá leyfi fyrir tónlist?
3. Cue Sheet - tónlistarskýrslur
4. Hlutverk tónlistarráðgjafa
5. Uppkaupssamningar

Masterréttur og höfundaréttur

Til að setja lag í t.d. kvikmynd, sjónvarpsþætti eða auglýsingar þarf tvennt til:

- ▶ Rétturinn til að nota lagið – höfundaréttur. (e. publishing)
 - ▶ Lagahöfundur eða tónlistarforleggjari hans fer með réttinn til að veita leyfi (eða jafnvel STEF / NCB)
- ▶ Rétturinn til að nota hljóðritið – tiltekna upptöku af laginu – masterréttur.
 - ▶ Útgefandi hljóðrítisins fer með réttinn til að veita leyfi
- ▶ Stundum vilja framleiðendur taka upp lagið að nýju með nýjum flytjanda og þurfa þá ekki masterréttinn.

Flæði greiðslna frá tónlistarveitum (t.d. Spotify)



Tónsetning

- ▶ Tónsetning (hljóðsetning) er það þegar tónlist og mynd er skeytt saman (e. synchronisation).
- ▶ Meginreglan er sú að tónsetning er ekki heimil nema með samþykki höfundar.
 - ▶ Spurningin er bara sú, hver veitir leyfið? Hvenær er það höfundurinn sjálfur og hvenær er það gert í gegnum höfundaréttarsamtök?
 - ▶ **Eigin framleiðsla sjónvarpsstöðva á Íslandi** (og í sumum öðrum löndum eins og á Norðurlöndunum og Bretlandi) - nægir að sjónvarpsstöðin hafi samning við STEF. Þá fylgir tónsetningarleyfi með leyfi STEFs.
 - ▶ Undir eigin framleiðslu fellur einnig kynning á eigin dagskrárgerð í eigin miðlum
 - ▶ Undantekningar
 - ▶ Leikið efni (dramaseríur)
 - ▶ Kynningarlög / einkennislög þátta

Tónsetning

- ▶ Framleiðsla sjálfstæðra framleiðenda - þá þarf sérstakt leyfi.
- ▶ En hvenær er framleiðslan sjálfstæð og hvenær fellur hún undir eigin framleiðslu sjónvarpsstöðvar?
 - ▶ Hver ber ábyrgð á framleiðslunni gagnvart réttihöfum?

Tónsetning

- ▶ Hvar fást tónsetningarleyfi?
 - ▶ NCB (Nordisk Copyright Bureau) getur veitt leyfi í ákveðnum tilvikum
 - ▶ Til sjónvarpsframleiðslu
 - ▶ Einnig til leikinna sjónvarpsþáttaraða EF sýningar eru eingöngu á Norðurlöndunum
 - ▶ STEF veitir tónsetningarleyfi til smærri verkefna með leyfi til opinbers flutnings
 - ▶ Í öðrum tilvikum þarf að hafa beint samband við höfundinn sjálfan (eða hans umboðsmann - tónlistarforleggjara)
 - ▶ Sjá <http://www.ncb.dk/pdf/av-pricelist-gentv-is.pdf>
 - ▶ Ekki er til sambærilegt kerfi fyrir masterrétt
- ▶ Í tilviki YouTube og Facebook er tónsetningarleyfi innifalið í samningi STEFs þegar notendur setja efni á þessar veitur. Nær þó ekki til auglýsinga.
- ▶ Oft samið um svokallað „most favoured nation“ sem þýðir að báðir aðilar njóta þess ef annar aðilinn nær að semja um betri kjör. Algengast er að greitt sé sama verð fyrir masterinn og fyrir höfundaréttinn.

„Cue Sheets“ - tónlistarskýrslur

- ▶ Á Cue Sheet þarf að skrá bæði áður útgefin lög svo og frumsamda tónlist viðkomandi framleiðslu.
- ▶ Skila þarf Cue Sheet til STEFs sem sendir það áfram inn í alþjóðlegt kerfi sem tryggir greiðslur erlendis frá.
- ▶ Öll verkin verða síðan að vera skráð hjá STEFi (eða erlendum systursamtökum) svo hægt sé að úthluta fyrir flutning tónlistarinnar.

Tónlistarráðgjafar

- ▶ Tónlistarráðgjafar „Music Supervisors“ eru mikilvægir starfsmenn í kvikmyndagerð.
- ▶ Tónlistarráðgjafar velja áður útgefna tónlist (aðkeypta tónlist) myndarinnar í samvinnu við leikstjóra.
- ▶ Tónlistarráðgjafar aðstoða við að finna út hvernig tónlistin geti hjálpað til við að segja söguna.
- ▶ Tónlistarráðgjafar útvega leyfi fyrir tónlistinni.
- ▶ Tónlistarráðgjafar vinna með tónskáldi sem býr til frumsamda tónlist (áhrifatónlist) myndarinnar.
- ▶ Tónlistarráðgjafar útbúa „Cue Sheets“ - tónlistarskýrslur

Tónlist í íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttaröðum

- ▶ Rannsókn á tónlist í íslenskum kvikmyndum og leiknu sjónvarpsefni frá 2020 (unnin af Gunnari Haraldssyni og Iðunni Einarsdóttur nemendum í LHÍ)
- ▶ Helstu niðurstöður:
 - ▶ Frumsýndar kvikmyndir og sjónvarpsþáttaraðir á árunum 2009-2019.
 - ▶ 79% aðkeyptrar tónlistar var íslensk tónlist
 - ▶ 80% frumsamdrar tónlistar var samin af íslenskum tónskáldum
 - ▶ Leikstjórar og tónskáld unnu oft saman í mörgum verkefnum
 - ▶ Í einungis 4 verkefnum var sérstakur tónlistarráðgjafi tilgreindur í creditlista eða 2,9% Heildarfjöldi mynda/þáttaraða sem var skoðaður var á þessu tíu ára tímabili var 137. (Þáttaröð telst eins og ein mynd)

Uppkaupssamningar

- ▶ Hvað eru uppkaupssamningar?
 - ▶ Samningar vegna frumsamdrar tónlistar (áhrifatónlistar) fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti
 - ▶ Með uppkaupssamningi er átt við að framleiðandi / dreifingaraðili kaupi upp rétt tónskáldsins til tónlistarinnar þannig að hann fái ekki hefðbundnar höfundaréttargreiðslur fyrir flutning verksins.
 - ▶ Í kjölfar þess að dreifingaraðilar (veitur) eru farnar að framleiða meira efni sjálfar hefur þróunin orðið sú að uppkaupssamningar sjást oftár í Evrópu.

Uppkaupssamningar

- ▶ Mismunandi tegundir uppkaupssamninga:
 - ▶ Full uppkaup á höfundarétti - „work for hire“ skv. lögum USA. Höfundur gefur eftir allan rétt sinn. Fær engar viðbótartekjur vegna tónlistarinnar.
 - ▶ Uppkaup að hluta. Höfundur fær engar viðbótargreiðslur vegna kvikmyndarinnar/sjónvarpsþáttaráðanna en heldur eftir rétti til að nýta tónlistina í öðru samhengi.
 - ▶ Uppkaup að hluta t.d. tímabundin.
 - ▶ Uppkaup að hluta þar sem framleiðandi tekur hlut tónlistarforleggjara (publisher).

- ▶ Þurfa framleiðendur / dreifingaraðilar að eiga allan rétt?

Uppkaupssamningar

- ▶ Það versta við uppkaupssamninga er að á þeim tímapunkti sem þeir eru gerðir er ómögulegt að vita hversu víða viðkomandi mynd eða sjónvarpsþættir verða sýndir og hver muni verða endanlegur hagnaður af þeim.
- ▶ Sjaldnast tekur eingreiðsla til höfundar mið af því að hugsanlega muni viðkomandi verkefni slá allar aðsóknartölur og það lifa í fleiri ár. Ekki er því um að ræða sanngjarnt endurgjald til höfundar miðað við virði verksins.

Áhrif DSM (Digital Single Market) tilskipunarinnar

18. gr.

Meginreglan um sanngjarna og hlutfallslega þóknun

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar höfundar og listflytjendur veita nytjaleyfi eða framselja einkarétt sinn til hagnýtingar á verkum sínum eða öðru efni eigi þeir rétt á sanngjarnri og hlutfallslegri þóknun.
2. Þegar aðildarríki koma meginreglunni, sem sett er fram í 1. mgr., til framkvæmda í landslögum skal þeim vera frjálst að nota mismunandi fyrirkomulag og þau skulu taka tillit til meginreglunnar um sanningsfrelsi og sanngjarnt jafnvægi réttinda og hagsmuna.

Áhrif DSM (Digital Single Market) tilskipunarinnar

19. gr.

Kvöð um gagnsæi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að höfundar og listflytjendur fái reglulega og a.m.k. einu sinni á ári, og að teknu tilliti til sérstakra eiginleika hvers geira, uppfærðar, viðeigandi og heildstæðar upplýsingar um hagnýtingu verka sinna og listflutnings frá þeim aðilum sem þeir hafa veitt nytjaleyfi eða framselt réttindi sín til, eða síðari handhöfum réttinda þeirra, einkum að því er varðar hagnýtingarleiðir, allar tekjur sem hafa skapast og þóknun til greiðslu.